

Hönnun hf  
Axel Valur Birgisson  
Síðumúla 1  
108 Reykjavík

**2004050048**  
9310; 1100; 1000;  
1604

Reykjavík, 26. ágúst 2004  
/--

### **Efni: Endurbygging vélflugbrautar á Sandskeiði, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ**

Vísað er til erindis Flugmálastjórnar dags. 11. júní 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt endurbygging vélflugbrautar á Sandskeiði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Kópavogsbæjar, Seltjarnarnesbæjar, Mosfellsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Kópavogsbæ með bréfi dags. 16. ágúst 2004, Seltjarnarnesbæ með bréfi dags. 23. ágúst 2004, Mosfellsbæ með bréfi dags. 17. ágúst 2004, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfum dags. 23. júní og 19. júlí 2004, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með bréfi dags. 24. júní 2004, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur með bréfum dags. 28. júní og 19. júlí 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 23. júní 2004. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 7. júlí og 20. ágúst 2004.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að endurbygging flugbrautarinnar verði að mestu leyti yfir núverandi flugbraut. Færa þurfi flugbrautina um 120 m til suðausturs svo hún þveri ekki núverandi norður-suður sviffflugbraut, en við þverun hennar kynni að skapast hætta vegna dráttarvírs fyrir sviffflugur. Fram kemur að lengd flugbrautarinnar verði 799 m, breidd um 18 m og að hún muni standa um 0,3 m upp úr núverandi landi. Þar sem mikið leysingavatn sé á svæðinu á vorin þurfi að grjótvörja suðausturenda flugbrautarinnar. Skafa þurfi 0,2 m ofan af núverandi flugbraut og setja í staðinn 0,5 m frostfrítt burðarlag en utan hennar þurfi að ýta um 0,9 m lagi ofan af yfirborði og setja 1,2 m frostfrítt burðarlag. Efni sem ýtt verði upp verði notað í fláafleyga og til að

jafna út öryggissvæði. Sá hluti núverandi flugbrautar sem ekki verði nýttur svo og fláar og öryggissvæði við flugbrautina verði grædd upp. Reiknað sé með að í burðarlag þurfi um 9400 m<sup>3</sup> og bent á að einn helsti efnistökuastaður fyrir höfuðborgarsvæðið, Bolalda, sé í um 3 km fjarlægð frá flugvelli en endanleg ákvörðun um efnistöku verði í höndum verktaka. Yfirborð flugbrautarinnar verði bundið með klæðningu úr steinefni með þunnbiki og verði efnispörf í klæðningu um 575 m<sup>3</sup> og í grjótvörn um 160 m<sup>3</sup>.

**Staðhættir.** Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að vélflugbrautin sé malarvöllur og umhverfis brautina sé graslendi sem sé lendingarsvæði fyrir svifflugur. Brautin sé aðallega notuð til snertilendinga lítilla eins hreyfils flugvéla yfir sumartímenn en eftir fyrirhugaða framkvæmd muni notkunartímabil lengjast. Flugkomur séu ekki skráðar í dag en líkur séu á að þær aukist við bættar aðstæður. Svifflug yfir sumartímenn komi þó alltaf til með að setja snertilendingum ákveðnar skorður.

**Skipulag og leyfi.** Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin sé á fjarsvæði A samkvæmt staðfestu svæðisskipulagi fyrir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins 1999. Sækja þurfi um starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðisnefndar í samræmi við samþykkt nr. 636/1997. Þeir verktakar sem taka muni að sér verkið þurfi einnig sérstakt starfsleyfi til þess að mega starfa innan vatnsverndarsvæðisins og að auki þurfi að fara fram lekaskoðun á þeim vinnuvélum sem notaðar verða við framkvæmdir.

**Tilgangur.** Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að tilgangur framkvæmdarinnar sé að auka öryggi á flugbrautinni þar sem hún verði hættuleg þegar frystir eða hlánar. Fram kemur að miðað við núverandi landnýtingu og staðhætti séu allar líkur á að umhverfisáhrif verði minniháttar.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Skipulag og leyfi.** Í umsögn Kópavogsbæjar kemur fram að framkvæmdaraðili skuli sjá til þess að unnið verði deiliskipulag af svæðinu og nauðsynlegir skilmálar settir eins og um getur í Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012.

Í umsögn Seltjarnarnesbæjar kemur fram það álit að ekki liggi fyrir nægjanlegar upplýsingar um framtíðarnýtingu svæðisins og bent í því sambandi á að framkvæmdin sé ótímabær þar sem ekki liggi fyrir staðfest aðalskipulag fyrir svæðið.

**Vatnsverndarsvæði.** Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila sem bárust í kjölfar umsagna heilbrigðiseftirlits kemur fram að fyrirhuguð framkvæmdaáform Flugmálastjórnar séu gerð í fullu samráði við Svifflugfélag Íslands og samningur sé um afnot Flugmálastjórnar af vélflugbrautinni. Flugmálastjórn hafi engin frekari framkvæmdaáform á svæðinu. Ekki sé að sjá að endurbygging vélflugbrautarinnar hafi þau áhrif að umsvif verði augin hjá Svifflugfélaginu. Framkvæmdaraðilar telji vel hægt að haga framkvæmdum þannig að vatnsvernd stafi ekki ógn af mengunaróhöppum og í samræmi við samþykkt nr. 636/1997 og er lögð áhersla á að fyrirhugaðar framkvæmdir hefjist ekki fyrir en

starfsleyfismál flugvallarins séu komin í lag. Æskilegt sé, vegna hálkuvandamála, að setja grófa klæðningu á flugbrautina eins og sé á aðliggjandi vegum, bikþeyta komi einnig til greina en ekki malbik þar sem þá þyrfti að bera sand á brautina til að draga úr hálkumyndun. Að öðrum kosti verði að endurbyggja flugvöllinn með malarlagi en það muni væntanlega hafa þau áhrif að notkun brautarinnar til snertilendinga mun minnka miðað við það sem áætlað er. Snertilendingar hafi verið stundaðar á Sandskeið en þær séu takmörkunum háðar vegna ástands vallarins í dag en áætlaður fjöldi snertilendinga eftir að framkvæmdum ljúki sé um 20-30 á dag miðað við 9 mánuði á ári. Er það að meðaltali sá tími þegar snjór liggur ekki á vellinum en hann verður ekki ruddur eða notuð þar nein íseyðingarefni.

Í frekari umsögnum Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kemur fram að Framkvæmdastjórn fyrir vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hafi fjallaði um málið þann 19. júlí 2004 og samþykkt eftirfarandi bókun: *“Með vísan til fyrirliggjandi upplýsinga um fyrirhugaða endurbyggingu flugbrautar við Sandskeið, telur framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu ekki vera forsendur til þess að krefjast þess að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Með vísan til lítillar umferðar og öryggissjónarmiða getur framkvæmdastjórnin fallist á að olúmol verði notuð sem klæðning á yfirborð flugbrautar við þessa tilteknu framkvæmd. Framkvæmd þessi er starfsleyfisskyld og mun Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefa út starfsleyfi fyrir framkvæmdinni og rekstri flugvallarins.”* Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis telji einnig, með vísan til umfangs boðaðra framkvæmda og þess að engin áform séu uppi á vegum Flugmálastjórnar né Svifflugfélags Íslands um frekari framkvæmdir á svæðinu, að ekki séu forsendur til þess að krefjast þess að þessi einstaka framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum en óskar eftir því með vísan til 27. gr. samþykktar nr. 636/1997 að fram komi í ákvörðun Skipulagsstofnunar að Flugmálastjórn þurfi að afla starfsleyfis heilbrigðisnefndar fyrir framkvæmdinni (vegna gerðar slitlags o.fl. þátta) og verktaki (-ar) sem annast muni framkvæmdina þurfi einnig starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Í frekari umsögn Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur kemur fram að með vísan til fyrirliggjandi upplýsinga um fyrirhugaða endurbyggingu flugbrautarinnar telji Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur ekki vera forsendur til þess að krefjast þess að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Með vísan til lítillar umferðar og öryggissjónarmiða geti stofan fallist á að olúmol verði notuð sem klæðning á yfirborð flugbrautar við þessa tilteknu framkvæmd. Í umsögnum Umhverfisstofnunar kemur fram að í tilkynningu framkvæmdaraðila komi fram að gerðar verði allar nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast mengun grunnvatns.

**Náttúrufar.** Í umsögnum Umhverfisstofnunar kemur fram að aðallega sé um að ræða enduruppbyggingu á eldri flugbraut og vegna lítils umfangs telji stofnunin ekki líkur á því að jarðrask við suðvestur-enda flugbrautarinnar muni valda verulegum neikvæðum áhrifum á gróðurfar eða fuglalíf.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða endurbyggingu flugbrautar fyrir vélflugvélar á Sandskeiði. Færa þarf flugbrautina um 120 m til suðausturs og verður hún um 799 m löng, um 18 m breið og um 0,3 m upp úr núverandi landi. Reiknað sé með að efnispörf vegna framkvæmdanna verði rúmlega 10.000 m<sup>3</sup>. Fram kemur að yfirborð flugbrautarinnar verði bundið með klæðningu

úr steinefni með þunnbiki. Sá hluti núverandi flugbrautar sem ekki verði nýttur svo og fláar og öryggissvæði við flugbrautina verði grædd upp. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er á fjarsvæði A samkvæmt staðfestu svæðisskipulagi fyrir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 1999. Í umsögnum hefur komið fram mikilvægi þess að framkvæmdin kalli ekki á frekari uppbyggingu á svæðinu og er staðfest að frekari áform um uppbyggingu eru ekki fyrirhuguð af hálfu Flugmálastjórnar og ekki að sjá að endurbygging vélflugbrautarinnar hafi þau áhrif að umsvif verði aukin hjá Svifflugfélaginu. Vegna lítillar umferðar og öryggissjónarmiða fallast heilbrigðisyfirvöld á að nota megi olúmöl í slitlag vélflugbrautarinnar. Skipulagsstofnun telur því að áhrif fyrirhugaðrar endurbyggingar vélflugbrautar á Sandskeiði á vatnsvernd séu ekki veruleg verði fylgt þeirri framkvæmdalýsingu sem framkvæmdaraðili hefur lagt til.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging vélflugbrautar á Sandskeiði, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdasvæðið er samkvæmt Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Skipulagi svæðisins er hinsvegar frestað samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2000-20012, Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 og Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 1981-2001 þar sem óvissa er um lögsögumörk sveitarfélaganna á svæðinu. Fyrir liggur að þess er að vænta innan tíðar að óbyggðanefnd úrskurði um mörk sveitarfélaganna á þessu svæði. Skipulagsstofnun telur eðlilegt, í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um mörk sveitarfélaganna, að leyfisveitingar fyrir framkvæmdum innan þess svæðis þar sem skipulagi hefur verið frestað í aðalskipulagi Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness verði háðar samþykki allra sveitarfélaganna þar til niðurstaða óbyggðanefndar liggur fyrir. Vegna ábendinga Kópavogsbæjar um að framkvæmdaraðili skuli vinna deiliskipulag fyrir svæðið, bendir Skipulagsstofnun á að framkvæmdaraðili getur haft frumkvæði að gerð deiliskipulags svæðisins, en að viðkomandi sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast almennt gerð deiliskipulags sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsstofnun telur að unnt sé að veita framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni eins og henni er lýst í framlögðum gögnum án deiliskipulagsgerðar, hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir henni í breyttu aðalskipulagi fyrir svæðið.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b og starfsleyfi heilbrigðiseftilits í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br., reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 35/1994 um olúmengun frá starfsemi í landi og samþykkt nr. 636/1997 um verndasvæði vatnsbólanna innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til

umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. september 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur og Umhverfisstofnun.